

Ásahreppur
Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 1. mars 2022

Tilvísun: 202004097 / 3.1

Efni: Tillaga að nýju aðalskipulagi fyrir Ásahrepp 2020-2032

Ásahreppur hefur, með erindi dags. 31. janúar 2022 sent Skipulagsstofnun til athugunar að nýju tillögu að Aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032 samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í hreppsnefnd 20. október 2021.

Skipulagstillagan kom fyrst til athugunar Skipulagsstofnunar í október sl. og taldi stofnunin tillöguna þá ekki tilbúna til auglýsingar, sbr. bréf dags. 16. desember 2021. Hreppsnefnd samþykkti viðbrögð við athugasemdum Skipulagsstofnunar á fundi sínum 26. janúar sl. og fólust í þeim bæði lagfæringar og breytingar á tillögunni.

Skipulagstillagan er sett fram á tveimur uppdráttum, Holtamannafréttur í mkv. 1:100.000 og Sveitarfélagsuppdráttur – byggðin, í mkv. 1:50.000 og í greinargerð. Tillögunni fylgja tvær skýrslur; Forsendur og umhverfisskýrsla og Ferðaþjónusta í Ásahreppi. Öll skipulagsgögnin eru nú dags. 25. janúar 2022, nema skýrslan Ferðaþjónusta í Ásahreppi, sem er dags. 14. maí 2021.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur að gera þurfi eftirfarandi lagfæringar á tillögunni áður en hún er auglýst:

Landbúnaðarsvæði

Skipulagsstofnun ítrekar að flákar/ afmörkun landnotkunarreita L1, L2 og L3 þarf að koma miklu skýrar fram á sveitarfélagsuppdrætti fyrir „byggðina“, það er afar erfitt að lesa uppdráttinn hvað þetta varðar eins og afmörkunin er nú. Stofnunin bendir jafnframt á að þótt skýringaruppdráttur 8 sýni afmörkun reitanna mjög vel þá er það sveitarfélagsuppdrátturinn sem gildir, og ef gerðar verða breytingar á afmörkuninni er það honum sem verður breytt, ekki skýringaruppdrættinum.

Virkjunarkostir í biðflokki rammaáætlunar

Í aðalskipulagstillögunni eru skilgreind fjögur varúðarsvæði þar sem um er að ræða landsvæði í biðflokki rammaáætlunar fyrir þrjár virkjanir, Urriðafossvirkjun, Skrokkölduvirkjun og Hágönguvirkjun. Í umfjöllun um iðnaðarsvæði í byggð, kafla 2.3.7, og á afrétti, kafla 3.2.3, kemur fram að sveitarfélagið sé hlynnt gerð þessara virkjana. Til að forðast misskilning um að með þessu orðalagi sé sveitarfélagið að marka stefnu um framangreindar virkjanir telur stofnunin að skýrt þurfi að koma þar fram að svo sé ekki.

Vindorkuver við Sigöldu

Í umfjöllun um iðnaðarsvæði á Holtamannafrétti, kafla 3.2.3 er fjallað um Sigöldulund. Til að forðast misskilning þarf einnig að koma þar skýrar fram að ekki sé mörkuð um hann stefna í aðalskipulaginu.

Í kafla 4.1. í umhverfismatsskýrslu er í töflu 12 yfirlit yfir þær framkvæmdir sem mörkuð er stefna um í aðalskipulaginu og falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þar sem hætt hefur verið við að marka stefnu um vindlund við Sigöldu þá þarf að taka sérstaka umfjöllun um hann út úr þessari töflu.

Í kafla 4.4.6 í umhverfismatsskýrslu kemur fram að fallið hafi verið frá því að marka stefnu um vindlundinn þar sem ekki séu fyrirliggjandi næg gögn til að meta áhrif hans. Umhverfismat vindlundarins í kaflanum er þrátt fyrir það óbreytt. Stofnunin telur að umhverfismatið þurfi annaðhvort að taka út úr skýrslunni eða endurskoða/ endurorða með hliðsjón af því að forsendur fyrir því eru ófullnægjandi.

Afþreyingar og ferðamannasvæði við Hrauneyjar

Stefna um afþreyingar og ferðaþjónustusvæði við Hrauneyjar er af því umfangi að hana þarf að telja upp í töflu 12, í kafla 4.1. í umhverfismatsskýrslunni.

Vegir í náttúru Íslands

Í samræmi við 2. mgr. 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 sendi sveitarfélagið 16. nóv. sl. lögbundnum aðilum tillögu að skrá yfir vegi í náttúru Íslands til umsagnar. Í ljósi þess að á Holtamannafrétti geta verið fleiri félagsamtök og aðilar sem hafa annaðhvort hagsmuni eða skoðun á málinu, svo sem náttúruverndarsamtök (Landvernd), ferðafélög, veiðifélög og hestamannafélög, mælir stofnunin með því að á auglýsingatímanum verði leitað umsagna/ samráðs við fleiri aðila um vegaskrána en gert hefur verið. Þá minnir stofnunin á að vegaskráin er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar, eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á, á landsvæðum sem liggja innan friðlýstra svæða og þjóðgarða. Vegagerðin þarf jafnframt að fá tillögu að stafrænu skránni til rýnis áður en hún send til Skipulagsstofnunar samhliða samþykktu aðalskipulagi.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga, þegar tekið hefur verið tillit til ofangreindra athugasemda og ábendinga.



Málfríður K Kristiansen